

## GJALDSKRÁ

**fyrir gatnagerðargjald, stofngjald vatnsveitu, stofngjald holræsa  
og byggingarleyfisgjald í Ísafjarðarbæ.**

### 1. gr.

#### *Almenn heimild.*

Af öllum nýbyggingum og viðbyggingum við eldri byggingar, hvort sem eru á eignar- eða leigulóðum í Ísafjarðarbæ skal greiða gatnagerðargjald til sveitarfélagsins samkvæmt gjaldskrá þessari. Um gatnagerðargjald fer að öðru leyti eftir lögum um gatnagerðargjald nr. 153/2006 og reglugerð um gatnagerðargjald nr. 543/1996.

Einnig skal greiða vegna sömu framkvæmda heimæðargjald vatnsveitu, tengigjald holræsa og byggingarleyfisgjald. Gjöld vegna þessa fara eftir viðkomandi gjaldskrám.

### 2. gr.

#### *Ráðstöfun gjalda.*

Gatnagerðargjaldi skal varið til gatnagerðar í sveitarféluginu og viðhalðs gatna og annarra gatnamannvirkja. s.s. til greiðslu kostnaðar við undirbyggingu götu með tilheyrandi lögnum þ.m.t. vegna götulyssingar, við lagningu bundins slitlags og gangstéttu, gerð umferðareyja, gangstíga og opinna svæða.

Tekjum sveitarfélagsins vegna stofngjalds vatnsveitu skal varið til vatnsveituframkvæmda.

Tekjum sveitarfélagsins vegna stofngjalds holræsa skal varið til holræsaframkvæmda.

Tekjum sveitarfélagsins vegna byggingarleyfis- og þjónustugjalda tæknideildar skal varið til að standa undir hluta kostnaðar sveitarfélagsins við þjónustu skipulags- og byggingarfulltrúa við lóðarhafa og byggingaraðila.

Tengi- og heimæðargjöld eru innheimt sérstaklega og ekki innifalin í gatnagerðargjaldi.

### 3. gr.

#### *Gjaldstofn gatnagerðargjalds.*

Ísafjarðarbær innheimtir gatnagerðargjald af fasteignum í sveitarféluginu. Stofn til álagningar gatnagerðargjalds er fermetrafjöldi byggingar á tiltekinni lóð sem ákveðinn er með eftirfarandi hætti.

Gatnagerðargjald er tvíþaett. Annars vegar vegna nýrra bygginga og hins vegar vegna stækkunar á eldra húsnæði.

Stofn til álagningar gatnagerðargjalds er fermetrafjöldi byggingar á tiltekinni lóð. Gjaldstofninn er ákveðinn á eftirfarandi hátt:

- Þegar Ísafjarðarbær úthlutar eða selur lóð eða byggingarrétt á lóð er gatnagerðargjald lagt á í samræmi við fermetrafjölda þeirrar byggingar sem heimilt er að reisa á viðkomandi lóð samkvæmt gildandi deiliskipulagi.
- Þegar gatnagerðargjald verður ekki lagt á skv. a-lið, eða ef byggingarleyfi er veitt fyrir stærri byggingu en álagning skv. a-lið var upphaflega miðuð við, er við útgáfu byggingarleyfis lagt á gatnagerðargjald í samræmi við fermetrafjölda þeirrar byggingar sem byggingarleyfi tekur til.

Gatnagerðargjald er ákveðið hlutfall byggingarkostnaðar fermetra í vísítöluhúsi eins og hann er hverju sinni samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands á grundvelli laga nr. 42/1987, um vísítölu byggingarkostnaðar, í september 2017, 207.943 kr.

Við álagningu skv. b-lið 2. mgr. skal miða við stærð húss samkvæmt samþykktum uppdráttum og ÍST 50.

Af hverjum fermetra ( $m^2$ ) húss, sem byggja má á nýrri eða óbyggðri lóð, skv. samþykktu deiliskipulagi, greiðist gatnagerðargjald eftir húsgerðum. Fermetrafjöldinn ( $m^2$ ), sem lagður er til grundvallar við útreikning á gatnagerðargjaldinu er margfeldið af lóðarstærð og nýtingarhlutfalli lóðar eins og viðkomandi deiliskipulag segir fyrir um. Sýni deiliskipulag að nýtingarhlutfall lóðar megi vera á ákveðnu bili þ.e. að gefið sé upp lágmarks- og hámarksnýtingarhlutfall þá skal meðaltal hámarks- og lágmarksnýtingarhlutfalls lagt til grundvallar við útreikning á gatnagerðargjaldinu.

Af viðbyggingum við eldri hús þar sem deiliskipulag er ekki til staðar eru fermetrar ( $m^2$ ) við-byggingar lagðir til grundvallar við útreikning á gatnagerðargjaldinu.

#### 4. gr.

##### *Útreikningur gatnagerðargjalds.*

Af hverjum fermetra ( $m^2$ ) húss, greiðist ákveðinn hundraðshluti byggingarkostnaðar pr. fermetra í vísítöluhúsi fjölbýlis, eins og hann er hverju sinni samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands á grundvelli laga nr. 42/1987. Hundraðshluti byggingarkostnaðar ákvarðast eftir hústegund svo sem hér segir:

Einbýlishús	9,0%	18.715	kr./ $m^2$
Rað- og sambýlishús, mest 4 íbúðir	6,5%	13.516	kr./ $m^2$
Fjölbýlishús, 5 íbúðir eða fleiri	4,5%	9.357	kr./ $m^2$
Verslunar- og skrifstofuhúsnæði	5,5%	11.437	kr./ $m^2$
Iðnaðar- og annað atvinnuhúsnæði	3,5%	7.278	kr./ $m^2$
Bifreiðageymslur, áður byggð hverfi	5,5%	11.437	kr./ $m^2$
Skólamannvirki	6,0%	12.477	kr./ $m^2$
Sólskálar	4,5%	9.357	kr./ $m^2$
Frístundahús	3,0%	6.238	kr./ $m^2$

Lágmarksgjald skv. 1. mgr. skal aldrei vera hærra en sem nemur 15% af byggingarkostnaði fermetra í vísítöluhúsi fjölbýlis eins og hann er hverju sinni skv. útreikningum Hagstofu Íslands á grundvelli laga nr. 42/1987, um vísítolu byggingarkostnaðar.

Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir endurbyggingu, breytingu eða breytti notkun húsnæðis þannig að hún færist í hærrí gjaldflokk, sbr. 1. mgr., skal greiða gatnagerðargjald sem svarar til mismunar hærrí og lægri gjaldflokkssins. Lóðarhafi, eða byggingarleyfishafi þar sem það á við, á ekki rétt á endurgreiðslu ef bygging færst í lægri gjaldflokk við slíka breytingu.

#### 5. gr.

##### *Stöðuleyfi.*

Ísafjarðarbær innheimtir gjöld vegna útgáfu stöðuleyfa með tilvísun til 51. og 53. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 sem hér segir:

Stöðuleyfi góma	40.017 kr.
Stöðuleyfi hjólhýsa, báta o.p.h.	22.428 kr.

#### 6. gr.

##### *Undanþágur frá greiðslu gatnagerðargjalds.*

Undanþegnar greiðslu gatnagerðargjalds eru eftirtaldar byggingar:

- Lagnakjallrar og aðrir gluggalausir kjallrar, sem aðeins er gengið í innan frá.
- Óeinangruð smáhús, minni en 10 fermetrar, fyrir stærri hús er greitt sama gatnagerðargjald og fyrir iðnaðar- og verslunarhús.

#### 7. gr.

##### *Sérstök lækkunarheimild gatnagerðargjalds.*

Sveitarstjórn er heimilt skv. 6. gr. laga nr. 153/2006 að lækka eða fella niður gatnagerðargjald af einstökum lóðum í sveitarfélagini við sérstakar aðstæður.

Heimilt er gjaldanda að greiða hluta gatnagerðargjaldsins með skuldabréfi, sem greiðist með jöfnum afborgunum á næstu fjórum árum. Skuldabréfið skal tryggt með fullnægjandi veði í við-komandi eign eða annarri eign með fullnægjandi veði, sem skuldari vísar til og ákveður bæjarstjórn við hverja álagningu hvaða vexti það skuli bera.

Bæjarráði er heimilt að veita staðgreiðsluafslátt af gatnagerðargjaldi.

#### 8. gr.

##### *Gjalddagar og greiðsluskilmálar.*

Gjalddagar gatnagerðargjalds skulu vera sem hér segir:

- a. Við lóðarúthlutun, sölu lóðar eða byggingarréttar skv. a-lið 3. gr. eða við útgáfu byggingarleyfis skv. b-lið sömu greinar skal greiða tryggingu kr. 1.000.000.
- b. Við útgáfu byggingarleyfis vegna framkvæmda sem falla undir 5. gr. en eru ekki undanþegnar gatnagerðargjaldi, skal gatnagerðargjald greitt við útgáfu byggingarleyfis.
- c. Bæjarstjóra er heimilt að veita lengri gjaldfrest á eftirstöðvum gatnagerðargjalds, þó ekki lengur en í 6 mánuði frá veitingu byggingarleyfis, enda séu fullnægjandi tryggingar settar. Bæjarstjórn er heimilt að víkja frá ákvæðum þessarar greinar ef um umfangsmiklar byggingarframkvæmdir er að ræða.

Eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga.

Af gjaldföllnu gatnagerðargjaldi skulu greiðast dráttarvextir, skv. ákvæðum laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá gjalddaga.

#### 9. gr.

##### *Áfangaskipti framkvæmda.*

Í þeim tilvikum þegar lóðarhafi hyggst byggja hús, annað en íbúðarhús, í áföngum, getur bæjarstjórn heimilað slíka áfangaskiptingu og þá skal gatnagerðargjald hverju sinni greiðast samkvæmt þeirri samþykkt sem í gildi er þegar byggingarleyfi hvers áfanga er útgefíð.

Umsækjandi skal taka það sérstaklega fram í lóðarumsókn að hann ætti að reisa fyrirhugað mannvirki í áföngum og hvenær hann hyggst hefja framkvæmdir á sérhverjum byggingaráfanga.

Verði heimiluð áfangaskipti falla áætluð gjöld í gjalddaga við upphaf hvers byggingaráfanga í samræmi við áform lóðarhafa við úthlutun lóðarinnar.

#### 10. gr.

##### *Afturköllun lóðarúthlutunar vegna vanskila eða dráttar á framkvæmdum.*

Nú greiðir lóðarhafi ekki gatnagerðargjald á tilskildum tíma og er bæjarstjórn þá heimilt að undangenginni viðvörun að afturkalla byggingarleyfið og/eða lóðarúthlutun og skal kveðið svo á í úthlutunar- eða byggingarskilmálum.

Hafi teikningar af fyrirhuguðu húsi ekki borist byggingarnefnd til samþykktar innan 6 mánaða frá úthlutun lóðar, er heimilt að fella lóðarúthlutunina úr gildi og endurgreiðist þá gatnagerðargjaldið.

Byggingarfrestur er 12 mánuðir, þ.e. að lóð fellur aftur til sveitarsjóðs hafi framkvæmdir ekki verið hafnar innan þess tíma frá veitingu byggingarleyfis, nema leyfið hafi verið háð öðrum skilmálum um byggingarfrest.

#### 11. gr.

##### *Ábyrgð á greiðslu gatnagerðargjalds. Lögveðsréttur.*

Lóðarhafi leigulóðar og eigandi eignarlóðar ber ábyrgð á greiðslu gatnagerðargjalds.

Gatnagerðargjald er ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði tryggt með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign með forgangsrétti fyrir hvers konar sanningsveði og aðfararveði.

#### 12. gr.

##### *Endurgreiðsla gatnagerðargjalds.*

Gatnagerðargjald skal endurgreitt í eftirtoldum tilvikum:

- a. Ef lóðarhafi skilar úthlutaðri lóð eða ef lóðarúthlutun er afturkölluð.
- b. Ef gatnagerðargjald hefur verið greitt í tengslum við útgáfu byggingarleyfis, en leyfið fellur úr gildi.

Gatnagerðargjald skal endurgreitt innan 30 daga ef lóð er afturkölluð skv. a-lið, sama gildir um gatnagerðargjald sem lagt hefur verið á í tengslum við útgáfu byggingarleyfis, sbr. b-lið, en þá skal gatnagerðargjald endurgreitt innan 30 daga frá því að byggingarleyfishafi hefur sannanlega krafist endurgreiðslu.

Gatnagerðargjald skal endurgreitt og verðbætt, án vaxta, miðað við breytingu á vísítölu byggingarkostnaðar frá því lóðarhafi greiddi gatnagerðargjaldið til endurgreiðsludags.

Um endurgreiðslu fer að öðru leyti skv. 9. gr. laga um gatnagerðargjald nr. 153/2006.

Nr. 1233

14. desember 2017

13. gr.

*Eldri samningar og skilmálar um gatnagerðargjald.*

Um samninga um gatnagerðargjald af tilteknunum lóðum, sem lóðarhafar eða lóðareigendur hafa gert við sveitarfélagið fyrir gildistöku gjaldskrár þessarar, svo og skilmálar varðandi gatnagerðargjald, sem sveitarstjórn hefur sett fyrir sömu tímamörk og lóðarhafi og lóðareigandi hefur undirgengist, fer eftir samþykkt um gatnagerðargjald o.fl. í Ísafjarðarbæ nr. 1190/2015.

14. gr.

*Stofngjald vatnsveitu.*

Stofngjald vatnsveitu skal innheimt af öllum fasteignum sem tengdar eru við vatnsveitir Ísafjarðar. Gjaldið skal álagt og innheimt við veitingu byggingarleyfis og ákvarðað í samræmi við viðkomandi gjaldskrá.

15. gr.

*Stofngjald holræsa.*

Stofngjald holræsa skal innheimt af öllum fasteignum sem tengdar eru við fráveitu í eigu Ísafjarðarbæjar. Gjaldið skal álagt og innheimt við veitingu byggingarleyfis og ákvarðað í samræmi við viðkomandi gjaldskrá.

16. gr.

*Byggingarleyfisgjald.*

Innheimta skal byggingarleyfisgjald fyrir hverja þá framkvæmd sem byggingarleyfi er gefið út fyrir.

Innifalið í gjaldinu er lögbóðin meðferð byggingarleyfisskyldra erinda, lóðarblöð, yfirferð teikninga, útsetning húss og reglubundið eftirlit eftir því sem við á.

Gjaldið skal ákvarðað í samræmi við viðkomandi gjaldskrá.

17. gr.

*Samþykkt og gildistaka.*

Gatnagerðargjald byggir á lögum um gatnagerðargjald nr. 153/2006 og reglugerð um gatnagerðargjald nr. 543/1996.

Stofngjald vatnsveitu byggir á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004.

Fráveitugjald byggir á 8. gr. a. í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

Byggingarleyfisgjald byggir á IX. kafla laga um mannvirkni nr. 160/2010.

Samþykktin öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnfamt fellur úr gildi samþykkt sama efnis nr. 1112/2016.

*Samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, 14. desember 2017.*

**Gísli Halldór Halldórsson** bæjarstjóri.